

Seltjarnarnesbær

Ársreikningur  
2016

Seltjarnarnesbær  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes

Kt. 560269-2429

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	9
Skýringar .....	10

## Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2016 námu 3.650 millj.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.464 millj.kr. Rekstrartekjur A hluta námu 3.349 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 3.206 millj.kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,70% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,20% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,1875% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 70 millj.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 69 millj.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 4 millj.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 61 millj.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2016 nam 4.569 millj.kr. en eigið fé A hluta nam 4.658 millj.kr.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 2.136 millj.kr. Heildarfjöldi starfsmanna sveitarfélagsins var 228 í árslok 2016 en meðalstöðugildi á árinu voru 225. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 45,2 millj.kr. á árinu 2016.

Íbúar Seltjarnarnesbæjar þann 31. desember 2016 voru 4.450 og fjölgaði þeim um 32 frá fyrra ári eða 0,7%.

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Seltjarnarnesi, 30. mars 2017.

Bæjarstjóri:

*Þorgerður Hauðadóttir*

Bæjarráð:

*Sigrún Edda Jónsdóttir Guðmundur Þor Sigrúnjónsson  
Almú Ólafsson*

Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2016 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ársreikningurinn er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Seltjarnarnesi, 10. maí 2017.

Bæjarstjórn:

*Þorgerður Hauðadóttir  
Sigrún Edda Jónsdóttir  
Guðmundur Þor Sigrúnjónsson  
Almú Ólafsson  
Margrét Líná Ósdóttir*

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Seltjarnarnesbæjar fyrir árið 2016 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 10. maí 2017

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2016

Skýr	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015
<b>Rekstrartekjur</b>						
Útsvar og fasteignaskattur .....	2.654.893	2.627.311	2.413.680	2.650.146	2.621.035	2.407.554
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	145.600	85.000	119.212	145.600	85.000	119.212
Aðrar tekjur .....	548.716	493.416	488.602	854.383	757.539	774.709
20	<u>3.349.209</u>	<u>3.205.727</u>	<u>3.021.494</u>	<u>3.650.129</u>	<u>3.463.574</u>	<u>3.301.475</u>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld .....	2.086.221	2.080.218	2.049.399	2.135.596	2.134.446	2.092.702
Annar rekstrarkostnaður .....	1.262.738	1.075.462	1.143.250	1.353.975	1.159.595	1.236.188
	<u>3.348.959</u>	<u>3.155.680</u>	<u>3.192.650</u>	<u>3.489.571</u>	<u>3.294.040</u>	<u>3.328.890</u>
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir .....	250	50.047	(171.155)	160.558	169.534	(27.415)
Afskriftir .....	7,25,26 (89.900)	(76.700)	(84.586)	(123.206)	(106.938)	(116.018)
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármuna- tekjur og fjármagnsgjöld .....	(89.650)	(26.653)	(255.742)	37.352	62.596	(143.433)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	23 93.298	87.310	81.695	30.880	5.988	16.218
Tekjuskattur .....	33 0	0	0	1.879	0	469
<b>Rekstrarniðurstaða</b> .....	<u>35 3.648</u>	<u>60.657</u>	<u>(174.047)</u>	<u>70.111</u>	<u>68.584</u>	<u>(126.747)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
<b>Fastafjármunir:</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6				
Fasteignir og lóðir .....		3.299.069	3.211.450	3.749.308	3.630.620
Veitu- og gatnakerfi .....		549.434	460.712	1.087.861	980.542
Vélar, áhöld og tæki .....		34.432	38.837	39.173	41.931
Leigðar eignir .....		7.582	13.287	7.582	13.287
	25 - 30	3.890.517	3.724.286	4.883.925	4.666.380
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum .....	8, 31	255.472	255.472	254.327	254.327
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	32	669.732	697.007	0	0
Tekjuskattseign .....	10, 33	0	0	55.117	53.238
		925.204	952.479	309.445	307.565
<b>Fastafjármunir</b>		<b>4.815.721</b>	<b>4.676.765</b>	<b>5.193.369</b>	<b>4.973.945</b>
<b>Veltufjármunir:</b>					
Birgðir.....	11	0	0	5.311	6.427
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar skatttekjur .....	12, 34	260.426	261.705	260.426	295.331
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		393.653	486.411	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki .....	32	41.911	39.442	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....		78.966	43.381	113.102	68.431
Handbært fé.....	13	824.942	858.132	838.968	871.920
<b>Veltufjármunir</b>		<b>1.599.898</b>	<b>1.689.071</b>	<b>1.217.806</b>	<b>1.242.109</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>6.415.619</b>	<b>6.365.836</b>	<b>6.411.176</b>	<b>6.216.055</b>
Eignir utan efnahagsreiknings .....	14				

# Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé</b>					
Eiginfjárreikningur .....	35	4.657.565	4.636.524	4.569.421	4.462.652
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	15, 36	1.262.369	1.122.634	1.332.791	1.186.020
<b>Langtímaskuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	16, 37	62.463	73.683	144.662	163.757
Leiguskuldir.....	17, 39	5.085	19.434	5.085	19.434
		67.548	93.117	149.747	183.191
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Skuldir við eigin fyrirtæki .....		79.714	143.540	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	38	18.690	16.959	21.969	21.510
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	39	14.755	13.750	14.755	13.750
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar.....		42.685	36.358	45.850	38.411
Aðrar skammtímaskuldir .....		272.293	302.953	276.644	310.520
		428.138	513.561	359.218	384.192
Skuldir samtals án lífeyrisskuldbindingar		453.000	570.320	463.114	528.972
Skuldir og skuldbindingar samtals		1.758.054	1.729.312	1.841.755	1.753.403
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>6.415.619</b>	<b>6.365.836</b>	<b>6.411.176</b>	<b>6.216.055</b>
Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags .....	41-42				



## Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Rekstrarniðurstaða.....	35	3.648	61.513	(174.047)	70.111	69.439	(126.747)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir .....	25,26	89.900	76.700	84.586	123.206	106.938	116.018
Söluhagnaður eigna .....		0	0	0	(45.459)	0	(33.683)
Verðbætur .....		1.930	(30.467)	2.905	3.416	5.807	5.554
Verðbætur, eigin fyrirtæki .....		(15.445)	0	(15.280)	0	0	0
Tekjuskattseign, breyting .....	33	0	0	0	(1.879)	0	(469)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	36	191.448	131.648	222.452	201.385	136.285	227.603
Veltufé frá rekstri		271.481	239.394	120.617	350.780	318.469	188.277
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Óinnh. skatttekjur, lækkun .....		1.279	0	47.252	1.279	0	13.626
Birgðir, lækkun, (hækkun) .....		0	0	0	1.116	0	(36)
Aðrar skammtímaskuldir, (hækkun) .....		(40.256)	0	(9.253)	(16.539)	0	(5.876)
Skammtímaskuldir, (lækkun) .....		(25.232)	0	74.106	(28.382)	0	75.223
Gr. vegna lífeyrisskuldbindingar .....	36	(45.387)	0	(37.324)	(47.176)	0	(38.558)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(109.596)	0	74.781	(89.702)	0	44.378
Handbært fé frá rekstri		161.886	239.394	195.398	261.077	318.469	232.655
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanlegum							
rekstrarfjárumunum .....	27	(201.724)	(235.486)	(89.850)	(308.933)	(308.386)	(239.880)
Seldir rekstrarfjárumunir.....	26	0	0	0	50.300	0	51.592
Fjárfest í eignarhlutum, nettó.....		0	0	(797)	0	0	(797)
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki.....		40.250	0	38.028	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(161.474)	(235.486)	(52.619)	(258.633)	(308.386)	(189.085)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>							
Afborganir langtímalána .....	37	(18.416)	(17.603)	(16.732)	(21.646)	(22.544)	(42.104)
Afborganir leiguskuldar.....	39	(13.750)	(13.484)	(12.828)	(13.750)	(13.484)	(12.828)
Eigin fyrirtæki, breyting.....		(1.436)	0	(122.218)	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		(33.603)	(31.087)	(151.778)	(35.396)	(36.028)	(54.932)
<b>(Lækkun) á handbæru fé.....</b>		(33.191)	(27.179)	(8.999)	(32.952)	(25.945)	(11.362)
<b>Handbært fé í årsbyrjun.....</b>		858.132	924.831	867.132	871.920	940.930	883.282
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		824.942	897.652	858.132	838.968	914.985	871.920

# Skýringar

---

## Upplýsingar um sveitarfélagið

1. Seltjarnarnesbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 4.450 þann 31. desember 2016. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Austurströnd 2.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Áhaldahús. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hitaveita Seltjarnarness, Vatnsveita Seltjarnarness, Fráveita Seltjarnarness, Félagslegar íbúðir á Seltjarnarnesi, Lækningaminjasafn Íslands, Dvalar- og hjúkrunarheimili Seltjarnarness og Hrólfskálamelur ehf.

Félagsheimili Seltjarnarness var sérstakt fyrirtæki í B hluta til ársloka 2015. Frá ársbyrjun 2016 er rekstur þess færður í Aðalsjóð og fasteignin og rekstur hennar í Eignasjóð.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## Reikningsskilaaðferðir

### Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna reiknast sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og færast til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi. Mismunur á seldum byggingarrétti og kostnaði við uppkaupt lands vegna þeirra lóða sem til úthlutunar eru færast með sama hætti sem söluhagnaður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi. Álögð gatnagerðargjöld eru færð til lækkunar á kostnaði við nýframkvæmdir gatna.

## Færsla gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

# Skýringar frh.

## Verðlags- og gengisviðmið

5. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2016. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársbyrjun 2017. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Leigðar eignir eru fasteignir sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og eru ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings. Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

## Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

7. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	33 - 67 ár
Veitukerfi.....	25 - 50 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	3 - 14 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteign.....	15 ár
---------------	-------

## Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

8. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

## Langtímakröfur

9. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.

# Skýringar frh.

---

## Tekjuskattseign

10. Tekjuskattseign (og tekjuskattsskuldbinding) þeirra fyrirtækja í B hluta sem eru tekjuskattsskyld er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar einkum um að ræða tímamismun vegna þess að tekjur og gjöld eru færð á öðrum tíma í ársreikningi en í skattauppgjöri. Samkvæmt gildandi skattalöggjöf er yfirfæranlegt skattalegt tap nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði í tíu ár frá því það myndast. Lagt hefur verið mat á nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps og áætlanir gerðar um skattskyldan hagnað á næstu árum. Tekjuskattseign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð upp að því marki sem talið er að það nýtist.

Útreikningur á tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattseign byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjorsdegi, nú 36% fyrir hitaveitu.

## Birgðir

11. Birgðir af vörum eru metnar á síðasta innkaupsverði.

## Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

12. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

## Handbært fé

13. Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## Eignir utan efnahagsreiknings

14. Fjárfesting í umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 sem áður hefur verið gjaldfærð er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

## Lífeyrisskuldbinding

15. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar á árinu að teknu tilliti til áætlana stjórnenda um verðbreytingar til ársloka 2016. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikningi samanber skýringu 36.

## Langtímaskuldir

16. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

# Skýringar frh.

---

## Leiguskuldir

17. Við upphaflega skráningur skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er deift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslna er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

## Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

18. Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringum 41 - 42.

## Fjárhagsáætlun

19. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, sjóðstreymisfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþyktri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringum 47 og 48.

## Skýringar frh.

### Rekstrartekjur

20. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
<b>Útsvar og fasteignaskattur:</b>				
Útsvar .....	2.436.498	2.407.000	2.436.498	2.407.000
Fasteignaskattur .....	192.418	193.904	187.671	187.628
Lóðarleiga .....	25.977	26.407	25.977	26.407
	<u>2.654.893</u>	<u>2.627.311</u>	<u>2.650.146</u>	<u>2.621.035</u>
<b>Framlög Jöfnunarsjóðs:</b>				
Framlag vegna útgjaldajöfnunar.....	126.373	85.000	126.373	85.000
Framlag vegna eflingu tónlistarnáms.....	3.557	0	3.557	0
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra.....	11.900	0	11.900	0
Framlög vegna nýbúafraeðslu.....	3.770	0	3.770	0
	<u>145.600</u>	<u>85.000</u>	<u>145.600</u>	<u>85.000</u>
Skatttekjur samtals.....	<u>2.800.493</u>	<u>2.712.311</u>	<u>2.795.746</u>	<u>2.706.035</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>				
Þjónustutekjur o.fl.....	548.716	493.416	808.924	757.539
Söluhagnaður eigna.....	0	0	45.459	0
	<u>548.716</u>	<u>493.416</u>	<u>854.383</u>	<u>757.539</u>
Rekstrartekjur samtals .....	<u>3.349.209</u>	<u>3.205.727</u>	<u>3.650.129</u>	<u>3.463.574</u>

### Laun og launatengd gjöld

21. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Laun .....	1.528.362	1.572.003	1.554.781	1.608.138
Launatengd gjöld .....	366.411	376.568	379.429	390.022
Breyting lífeyrisskuldbindingar.....	191.448	131.647	201.385	136.285
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>2.086.221</u>	<u>2.080.218</u>	<u>2.135.596</u>	<u>2.134.446</u>

Heildarfjöldi starfsmanna sveitarfélagsins var 228 í árslok 2016 en ársverk á árinu voru 225.

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu 45,2 millj. kr. með launatengdum gjöldum á árinu 2016.

# Skýringar frh.

## Annar rekstrarkostnaður

22. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Vöru- og þjónustukaup.....	761.472	662.676	852.741	736.718
Styrkir, framlög og annar kostnaður.....	501.266	412.786	501.235	422.876
	<u>1.262.738</u>	<u>1.075.462</u>	<u>1.353.975</u>	<u>1.159.595</u>

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

23. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Vaxtatekjur.....	79.752	52.244	51.069	24.600
Arður og aðrar eignatekjur.....	21.840	16.000	6.840	16.000
Fjármagnstekjuskattur.....	(11.909)	(1.800)	(11.909)	(1.940)
Vaxtagjöld.....	(9.922)	(8.689)	(11.851)	(25.953)
Verðbætur.....	13.537	29.555	(3.269)	(6.719)
	<u>93.298</u>	<u>87.310</u>	<u>30.880</u>	<u>5.988</u>

# Skýringar frh.

## Heildaryfirlit um rekstur

24. Rekstur málaflokka Aðalsjóðs, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2016			Áætlun 2016
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	með viðaukum Nettó
<b>Aðalsjóður:</b>				
Skatttekjur .....	0	2.855.450	2.855.450	2.766.490
Félagsþjónusta.....	385.864	93.648	(292.216)	(292.054)
Heilbrigðismál.....	9.322	3.904	(5.418)	0
Fræðslu- og uppeldismál.....	1.854.995	304.303	(1.550.692)	(1.507.314)
Menningarmál.....	106.409	4.416	(101.993)	(97.270)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	585.802	136.676	(449.126)	(435.614)
Brunamál og almannavarnir.....	36.662	2.298	(34.364)	(32.267)
Hreinlætismál.....	57.441	43.315	(14.126)	(7.053)
Skipulags- og byggingarmál.....	66.977	14.883	(52.094)	(41.013)
Umferðar- og samgöngumál.....	126.060	1.957	(124.104)	(119.934)
Umhverfismál.....	68.556	0	(68.556)	(96.501)
Atvinnumál.....	394	0	(394)	(500)
Sameiginlegur kostnaður.....	301.211	112.968	(188.242)	(219.116)
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	191.448	0	(191.448)	(131.647)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	0	279.504	279.504	314.007
Aðalsjóður samtals	3.791.143	3.853.323	62.180	100.213
<b>A hluta sjóðir og stofnanir:</b>				
Eignasjóður.....	416.447	368.324	(48.123)	(51.300)
Áhaldahús.....	93.384	82.975	(10.409)	11.744
Innri færslur A hluta.....	(710.909)	(710.909)	0	(0)
A hluti samtals	3.590.065	3.593.713	3.648	60.657
<b>B hluta fyrirtæki:</b>				
Hitaveita Seltjarnarness.....	168.229	164.888	(3.341)	(2.272)
Vatnsveita Seltjarnarness.....	71.494	96.285	24.791	15.875
Fráveita Seltjarnarness.....	104.038	126.428	22.390	14.604
Félagsheimili Seltjarnarness.....	0	0	0	(5.300)
Félagslegar íbúðir á Seltjarnarnesi.....	26.785	65.139	38.354	19
Lækningaminjasafn Íslands.....	730	0	(730)	0
Greiddur arður innan samstæðu bakf.....	0	(15.000)	(15.000)	(15.000)
Innri færslur A og B hluta.....	(136.820)	(136.820)	0	(0)
A og B hluti samtals	3.824.522	3.894.633	70.111	68.584



# Skýringar frh.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

### A hluti

25. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Veitu- og gatnakerfi	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2016.....	5.329.323	551.968	120.214	6.001.504
Afskrifað áður .....	(2.117.873)	(91.256)	(81.377)	(2.290.505)
Bókfært verð 1.1.2016.....	3.211.450	460.712	38.837	3.710.999
Endurmat lóða skv. álit 2/2010.....	36.658	0	0	36.658
Viðbót á árinu .....	89.701	108.947	3.076	201.724
Félagsheimili flutt úr B hluta.....	17.734	0	16	17.750
Afskrifað á árinu .....	(56.474)	(20.225)	(7.497)	(84.196)
Bókfært verð 31.12.2016.....	3.299.069	549.434	34.432	3.882.935
Samtals heildarverð 31.12.2016.....	5.476.909	660.914	123.289	6.261.112
Afskrifað samtals .....	(2.177.839)	(111.481)	(88.857)	(2.378.177)
